

Nd. 398. Frumvarp til laga

um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að leiðrétta prentvillu, sem slæddist inn í frumvarp til raforkulaga við meðferð þess á síðasta reglulegu Alþingi. Við endurprentun frumvarpsins eftir 2. umr. í síðari deild, Ed., féll niður 55. gr. þess, en efni 56. gr. var prentað í hennar stað, án þess að eftir því væri tekið við síðari meðferð frumvarpsins. Þessi villa hélzt því í frumvarpinu við lokaafgreiðslu þess frá þinginu og er nú í lögunum.